



Verð íslenskra sjávarafurða óbreytt á þriðja ársfjórðungi


Verð íslenskra sjávarafurða mælt í erlendri mynt var óbreytt á þriðja ársfjórðungi borið saman við annan fjórðung. Verð á botnfiski lækkaði lítillega, eða um 0,4%, en uppsjávarfiskur hækkaði um 3,9%.

Töluverð lækkun varð á verði sjávarafurða á öðrum fjórðungi borið saman við þann fyrsta. Þá lækkaði verðið um 5% og var það mesta lækkun á verði milli ársfjórðunga síðan milli og fjórða ársfjórðungs 2008 fyrsta ársfjórðungs 2009. Þá stóð alþjóðafjármálakreppan sem hæst og heimsmarkaðsverð flestra afurða lækkaði mikið. Lækkunina á öðrum fjórðungi nú má fyrst og fremst rekja til lækkunar á botnfiski, en hún nam 6,1%. Lækkunin á uppsjávarafurðum nam þá 1,1% en mun meiri sveiflur eru í verði uppsjávarafurða en botnfiskafurða. Efnahagsleg áhrif Covid-19-faraldursins komu inn af fullum þunga á öðrum fjórðungi. Þá lækkaði verð m.a. vegna þrýstings frá kaupendum, erfiðara gekk að flytja fiskinn til endakaupenda og almennt séð gekk útflutningur sjávarafurða brösuglega. Verð sjávarafurða í erlendri mynt er enn tiltölulega hátt þrátt fyrir að það sé lægra en það var á fyrsta ársfjórðungi. Undanfarin tíu ár hefur verðið einungis verið hærra á annars vegar 2.-4. ársfjórðungi síðasta árs og hins vegar 1. og 2. fjórðungi þessa árs en það var núna á þriðja ársfjórðungi.


Heimsmarkaðsverð á kjöti og matvælum lækkar einnig

Þessi verðlækkun á sjávarafurðum á öðrum fjórðungi var ekki einskorðuð við fisk frá Íslandi. Þannig lækkaði heimsmarkaðsverð á kjöti og matvælum almennt töluvert milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Heimsmarkaðsverð á kjöti lækkaði um 5,5% en matvæli lækkuðu um 6,9%. Lækkunin á kjöti milli ársfjórðunga er sú mesta sem mælst hefur síðan á fjórða ársfjórðungi 2015. Lækkunin á matvælum er sú mesta síðan á fyrsta ársfjórðungi 2015. Það er því ljóst að Covid-19-faraldurinn er ekki einungis að koma illa niður á verði íslenskra

Verð íslenskra sjávarafurða



Verð íslensks botnfisks og heimsmarkaðsverð kjöts





sjávarafurða heldur á verði matvæla almennt. Á þriðja ársfjórðungi hélt verð á kjöti áfram að lækka og lækkaði um 3,8%, en verð á botnfiski frá Íslandi lækkaði nokkuð minna, eða um 0,4%. Verð matvæla hækkaði um 4,1% á þriðja fjórðungi.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða dróst saman á öðrum fjórðungi


Útflutningur sjávarafurða nam 67,5 mö.kr. á þriðja ársfjórðungi borið saman við 71,8 ma.kr. á sama fjórðungi á síðasta ára á föstu gengi. Samdrátturinn nam 6% sem var snöggjum minni samdráttur en á öðrum fjórðungi, þegar hann nam 11,4%.

Samdrátturinn nú var sá þriðji í röð en á fyrsta ársfjórðungi nam hann 4,1%. Samdráttinn nú á þriðja fjórðungi má fyrst og fremst rekja til minna útflutningsverðmætis nokkurra tegunda.

Útflutningsverðmæti makrils dróst mest saman, eða um 1,3 ma.kr. á föstu gengi. Samdrátturinn nam 12,8%. Útflutningsverðmæti ufsa dróst saman um 1,2 ma.kr., eða rúman þriðjung, en útflutt magn í tonnum talið dróst saman um 19%.


Útflutningsverðmæti karfa dróst saman um 1,2 ma.kr., eða tæplega 30%, en útflutt magn dróst saman um tæp 18%. Útflutningsverðmæti kolmunna dróst einnig saman um 1,2 ma.kr. eða sem nemur rúnum fjórðungi. Útflutt magn á kolmunna í tonnum talið dróst einnig saman um fjórðung.

Mesta aukning útflutningsverðmætis var í síldarafurðum, en þær jukust um 1,5 ma.kr., eða um tæplega 120% milli ára. Þá miklu aukningu má fyrst og fremst rekja til meiri útflutnings í tonnum talið, en aukningin nam 144%. Útflutningsverðmæti þorsks jókst um 1,4 ma.kr., eða 4,7%, en útflutt magn í tonnum jókst um 13%.



Á föstu gengi þriðja ársfjórðungs 2020
Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting í útflutningsverðmæti á þriðja ársfjórðungi



Breyting frá fyrra ári
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.